

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 262/1986.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Árna Sigurðssyni**

**Óskari Eggertssyni**

**Úlfari Snæfjörð Ágústssyni**

**Yngva Kjartanssyni**

**Birni Hermanni Hermannssyni**

**Magna Veturliðasyni**

**Jónasi Ágústi Ágústssyni**

**Guðmundi Kristjáni Kristinssyni**

**Jakob Fal Garðarssyni og**

**Bjarna Hákonarsyni**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Útvarpslög. Fjarskiptalög.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. maí 1986 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 6. febrúar 1987.

Sannað er að ákærðu stóðu að stofnun útvarpsstöðvar og útsendingu útvarpsefnis svo sem í ákæru greinir. Varðaði það atferli á þeim tíma við 2. gr. sbr. 24. gr. útvarpslaga nr. 19/1971. Síðan brot ákærðu var framið hafa útvarpslög nr. 68/1985 leyst lög nr. 19/1971 af hólmi. Samkvæmt þeim skal Ríkisútvarpið annast útvarp, en sú breyting er gerð frá fyrri lögum að heimilað er að veita öðrum leyfi til útvarpsrekstrar, 2. gr. laganna. Þá eru refsíákvæði laganna með öðrum hætti en hinna eldri laga. Í 37. gr. laga nr. 68/1985 er refsing lögð sérstaklega við brotum gegn tveimur greinum laganna (33. og 25. gr.), en síðan segir í 3. mgr.: „Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga“, og er ákvæði þetta ekki skýrt nánar. Verður þó að telja að heimildarlaus útvarpsstarfsemi

varði nú við 1. mgr. 186. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ber því samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga að sakfella ákærðu samkvæmt því ákvæði, þó að því athuguðu að eigi verði dæmd þyngri refsing en orðið hefði eftir ákvæðum laga nr. 19/1971.

Í ákæru er atferli ákærðu einnig talið varða við 2. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti. Þau lög fjalla um fjarskipti almennt, en útvarpslög nr. 19/1971 og nr. 68/1985 um tiltekna tegund fjarskipta, þ.e. útvarpsrekstur. Tæma því ákvæði útvarpslaga sök að því er varðar atferli ákærðu, þannig að refsíákvæði fjarskiptalaga verður ekki beitt jafnframt refsíákvæðum útvarpslaga.

Eigi verður talið að það sé andstætt 72. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka rétt manna til útvarpsrekstrar með þeim hætti sem gert hefur verið í útvarpslögum. Þá verður eigi fallist á að atferli ákærðu sé refsilaust vegna neyðarréttarsjónarmiða. Eigi verður heldur talið að einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpsrekstrar hafi fallið niður við það að útsendingar lágu að nokkru leyti niðri svo sem lýst er í héraðsdómi.

Refsing hvers hinna ákærðu verður ákveðin 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs en vararefsing hverrar sektar 8 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærðu, Árni Sigurðsson, Óskar Eggertsson, Úlfar Snæfjörð Ágústsson, Yngvi Kjartansson, Björn Hermann Hermannsson, Magni Veturliðason, Jónas Ágúst Ágústsson, Guðmundur Kristján Kristinsson, Jakob Falur Garðarsson og Bjarni Hákonarson, greiði hver um sig 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað hverrar sektar ef þær verða ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugs-sonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Ísafjarðar 3. desember 1985.

Mál þetta, sem þingfest var 30. apríl 1985 og dómtekið 27. nóvember 1985, höfðaði ríkissaksóknari fyrir sakadómi Ísafjarðar, með ákæru 17. apríl 1985 á hendur

- „1. Árna Sigurðssyni framkvæmdastjóra, Fagraholti 12, Ísafirði, fæddum 18. apríl 1941 á Ísafirði,
2. Óskari Eggertssyni framkvæmdastjóra, Sundstræti 26, Ísafirði, fæddum 24. ágúst 1934,
3. Úlfari Snæfjörð Ágústssyni framkvæmdastjóra, Sunnuholti 2, Ísafirði, fæddum 3. júlí 1940 á Ísafirði,
4. Yngva Kjartanssyni blaðamanni, Stórholti 17, Ísafirði, fæddum 7. apríl 1962 á Akureyri,
5. Birni Hermanni Hermannssyni rafvirkja, Góuholti 2, Ísafirði, fæddum 21. apríl 1945 á Ísafirði,
6. Magna Veturliðasyni rafeindavirkjanema, Engjavegi 13, Ísafirði, fæddum 27. janúar 1962 á Ísafirði.
7. Jónasi Ágústi Ágústssyni sölustjóra, Tangagötu 20, Ísafirði, fæddum 16. júlí 1953 í Reykjavík,
8. Guðmundi Kristjáni Kristinssyni rafeindavirkja, Sundstræti 31, Ísafirði, fæddum 11. nóvember 1960 á Ísafirði,
9. Jakobi Fal Garðarssyni nema, Silfurgötu 1, Ísafirði, fæddum 6. júní 1966 í Reykjavík, og
10. Bjarna Hákonarsyni verslunarstjóra, Hafnarstræti 8, Ísafirði, fæddum 25. ágúst 1963 á Ísafirði,

fyrir brot á útvarpslögum og lögum um fjarskipti með því að hafa, þrátt fyrir fulla vitneskju um einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpi og einkarétt ríkissins á uppsetningu fjarskiptavirkja, sammælt um stofnun og rekstur útvarpsstöðvar á Ísafirði undir nafninu Ísafjarðarútvarpið og síðan, föstudaginn 5. október 1984, hafið útsendingar útvarpsefnis í tali og tónum til viðtöku fyrir almenning og haldið því áfram næsta dag, laugardaginn 6. október 1984, fram til kl. 24:00 að útsendingum var hætt.

Framanlýst atferli ákærðu telst varða við 2. gr., sbr. 24. gr. útvarpslaga nr. 19, 1971 og 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um fjarskipti nr. 73, 1984.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

#### *Málsatvik.*

Dagana 5. og 6. október 1984 var starfrækt útvarpsstöð á Ísafirði undir nafninu Ísafjarðarútvarpið af Vestfirska fréttablaðinu og Pólnum hf.,

Ísafirði. Hvorn daginn var útvarpað í nokkrar klukkustundir fréttum, tónlist og auglýsingum. Vegna þessara útvarpssendinga var sett á laggirnar útvarpsráð og áttu fimm hinna ákærðu sæti í því.

Útvarpsstöðin hafði aðstöðu í húsnæði Pólsins hf., Aðalstræti 11, Ísafirði. Til útvarpssendinganna voru notuð tæki sitt úr hverri áttinni, sem nokkrir hinna ákærðu útbjuggu til útvarpssendinga.

Samkvæmt upplýsingum útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins var starfsemi Ríkisútvarpsins í október 1984 með þeim hætti, vegna verkfalls opinberra starfsmanna, sem hér segir: Hætt var reglubundnum útsendingum á dagskrá mánudaginn 1. október kl. 13.04. en haldið var uppi þeirri öryggisþjónustu er Kjaradeilunefnd ákvað 30. september. Útvarpað var á Rás 1 veðurfréttum og veðurlýsingum á venjulegum veðurfréttatímum. Á þessum tímum skyldi einnig lesa tilkynningar frá Tilkynningaskyldu skipa, lögreglu, Vitamálastjóra, Almannaáhrifnum, Slysavarnafélagi Íslands og björgunarsveitum og nauðsynlegar tilkynningar stjórnvalda varðandi öryggis- og heilsugæslu. Fréttasendingar Ríkisútvarpsins hófust laugardaginn 6. október með kvöldfréttum kl. 19.00. Eftir það var útvarpað fréttum tvisvar á dag, kl. 12.30 og kl. 19.00, fram til 30. október. Frá og með mánudeginum 8. október sendi Ríkisútvarpið út tón og getið var um klukkuna á heilum tímum. Frá og með 12. október voru lesnar dánarfregnir frá Biskupsstofu að loknum fréttalestri.

Útvarp, með venjubundnum hætti, hófst að loknu verkfalli opinberra starfsmanna þriðjudaginn 30. október kl. 23.26.

Útsendingar Ríkisútvarpsins 6. október hófust þegar Kjaradeilunefnd hafði ákveðið að þær útsendingar skyldu hefjast að fengnum tilmælum útvarpsstjóra og útvarpsráðs Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuveitendasambandi Íslands skall á verkfall Félags bókagerðarmanna 10. september 1984 og stóð það til 22. október 1984.

Verður nú gerð frekari grein fyrir atvikum máls þessa með því að reifa framburð hvers og eins hinna ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi.

Árni Sigurðsson framkvæmdastjóri og eigandi Vestfirska fréttablaðsins, hefur skýrt frá því að hann hafi átt sæti í útvarpsráði Ísafjarðarútvarpsins og hafi hann haft yfirumsjón með útvarpsrekstrinum. Ákærði kvað útvarpsreksturinn hafa verið í húsakynnum Pólsins hf., Ísafirði. Ekki kvaðst ákærði hafa vitað neitt um tækjabúnað þann sem notaður var til útvarpssendinganna, hvorki um tilurð hans né endalok.

Ákærði kvað Ísafjarðarútvarpið ekki hafa skilað neinum tekjum því ekki hafi verið tekið gjald fyrir þær auglýsingar, sem lesnar voru í útvarpi.

Óskar Eggertsson, framkvæmdastjóri Pólsins hf., hefur skýrt frá því að hann hafi átt sæti í útvarpsráði Ísafjarðarútvarpsins og hafi þáttur hans

í útvarpsrekstinum verið fólginn í því að útvega tæknimenn, tæki og húsnæði fyrir útvarpsreksturinn.

Ákærði kvað útvarpsstöðina hafa verið í húsnæði Pólsins hf., Aðalstræti 11, Ísafirði. Útvarpað hafi verið frá kl. 12.00 til kl. 22.00, föstudaginn 5 október 1984, og að sig minni, frá kl. 12.00 til 24.00, laugardaginn 6. október 1984.

Ekki kvaðst ákærði muna á hvaða tíðni var útvarpað en það hafi verið einhversstaðar á FM bylgju. Til útsendinganna hafi verið notaður 0,5 W FM sendir, heimasmiðaður, magnari, mikrófónn, plötuspilari og loftnet. Ekki kvaðst ákærði hafa vitað það svo glöggt hvaðan þessi tækjabúnaður hafi komið né heldur hvað hafi orðið af honum en sumt hafi verið selt úr verslun Pólsins hf.

Úlfar Snæfjörð Ágústsson framkvæmdastjóri hefur skýrt frá því að hann hafi átt sæti í útvarpsráði Ísafjarðarútvarpsins. Þáttur hans í starfrækslu útvarpsins hafi verið öflun fréttaefnis og flutningur þess. Ákærði skýrði frá því að útvarpað hafi verið úr húsakynnum Pólsins hf. á Ísafirði, og hafi útsendingar staðið yfir frá kl. 19.00 til kl. 23.00 föstudaginn 5. október 1984 og frá kl. 12.00 til kl. 20.00 laugardaginn 6. október sama ár og hafi fréttum, tónlist og auglýsingum verið útvarpað. Ekki kvaðst ákærði hafa vitað hvort greitt hafi verið fyrir flutning auglýsinganna í útvarpi.

Ákærði kvað tækjabúnað útvarpsstöðvarinnar hafa samanstaðið af litlum sendi, tveimur mikrófónum, segulbandi og plötuspilara. Ekki kvaðst ákærði hafa vitað hvað varð af þessum tækjum þegar útsendingum lauk.

Yngvi Kjartansson, þáverandi blaðamaður á Vestfirska fréttablaðinu, hefur skýrt frá því að hann hafi átt sæti í útvarpsráði Ísafjarðarútvarpsins. Þáttur hans í starfrækslu útvarpsins hafi verið öflun fréttaefnis og flutningur þess. Ákærði kvað útvarpsstöðina hafa verið í húsnæði Pólsins hf., Ísafirði. Ákærði kvaðst hafa verið ókunnur tæknihlíð útvarpssendinganna og ekki hafa vitað hvað varð af tækjabúnaðinum þegar útsendingum lauk. Ákærði kvaðst þó telja sig muna að útvarpað hafi verið á 96 mekariðum á FM bylgju.

Björn Hermann Hermannsson rafvirki hefur skýrt frá því að hann hafi átt sæti í útvarpsráði Ísafjarðarútvarpsins og hafi hann haft umsjón með rekstri útvarpsins. Ákærði skýrði frá því að útvarpað hafi verið úr húsakynnum Pólsins hf., Ísafirði, og hafi útsendingar staðið yfir frá kl. 20.00 til 22.00 föstudaginn 5. október 1984 og frá kl. 12.00 til kl. 24.00 laugardaginn 6. október sama ár. Ákærði kvað tækjabúnað útvarpsstöðvarinnar að mestu leyti hafa verið heimasmiðaðan og hafi tæki til hans komið bæði frá Pólnum hf. og einstökum mönnum. Ekki kvaðst ákærði vita hvað varð af tækjabúnaðinum þegar útsendingum lauk.

Áðurnefndir fimm menn áttu sæti í útvarpsráði Ísafjarðarútvarpsins. Af

gögnum málsins virðist mega ráða að þessir fimm menn hafi komið saman og ákveðið að hefja útvarpsrekstur föstudaginn 5. október 1984 og síðan ákveðið að hætta honum þegar Ríkisútvarpið hóf að senda út fréttir 6. október 1984, kl. 19.00.

Magni Veturliðason rafvirkjanemi hefur skýrt frá því að þáttur hans í rekstri Ísafjarðarútvarpsins hafi verið sá að annast uppsetningu tækja, annast rekstur þeirra meðan á útsendingum stóð og síðan að taka tækjabúnaðinn í sundur þegar útsendingum lauk. Ákærði skýrði frá því að tækjabúnaður Ísafjarðarútvarpsins hafi verið loftnetsmagnari fyrir fjölbýlishús, heimasímið senditæki, mikrafónar (sic), plötuspilari og segulband. Þessi tæki kvað ákærði hafa komið sitt úr hverri áttinni.

Ákærði hefur skýrt frá því að hann hafi smíðað sendinn, sem notaður var til útvarpssendinganna. Styrkur sendisins hafi verið 0,5 W og útvarpað hafi verið á 96 megariðum á FM bylgju. Ákærði kvað loftnetið, sem notað var, hafa verið FM móttökuloftnet.

Þegar ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu í janúar 1985 kvaðst hann ekki muna það nákvæmlega hvaða daga var útvarpað.

Jónas Ágúst Ágústsson sölustjóri hefur skýrt frá því að hann hafi verið dagskrárgerðarmaður og þulur við Ísafjarðarútvarpið. Útsendingar þess hafi staðið yfir frá kl. 19.00 til kl. 22.00 föstudaginn 5. október 1984 og frá kl. 12.00 til kl. 24.00 laugardaginn 6. október sama ár og útvarpað hafi verið fréttum, tónlist og auglýsingum. Ekki kvað ákærði gjald hafa verið tekið fyrir flutning auglýsinganna og enginn þeirra sem stóðu að Ísafjarðarútvarpinu hafi fengið greitt neitt fyrir vinnu sína.

Ákærði kvað Pólinn hf. hafa útvegað allan tækjabúnað til útvarpssendinganna og starfsmenn Pólsins hf. hafi annast uppsetningu tækjanna.

Guðmundur Kristinn Kristinsson rafeindavirki hefur skýrt frá því að þáttur hans í rekstri Ísafjarðarútvarpsins hafi verið fólgin í uppsetningu tækja til útvarpssendinganna, ásamt meðákærða Magna Veturliðasyni, og þátttaka í stjórn útsendinga. Ákærði kvað útvarpssendingar hafa staðið yfir frá kl. 19.00 til kl. 22.00 föstudaginn 5. október 1984, að sig minnti, og frá kl. 11.00 til kl. 22.00 laugardaginn 6. október sama ár, að sig minnti. Ákærði kvað fréttum og tónlist hafa verið útvarpað en ekki kvaðst hann vera viss um það hvort auglýsingum hafi verið útvarpað.

Ákærði hefur lýst tækjabúnaði Ísafjarðarútvarpsins nánast á sama veg og ákærði Magni Veturliðason. Þó kvað ákærði hjá lögreglu að styrkur sendisins hafi verið 0,5 W en fyrir dómi skýrði ákærði frá því að styrkur sendisins hafi verið 0,1-0,2 W.

Jakob Falur Garðarsson nemi hefur skýrt frá því að þáttur sinn í rekstri Ísafjarðarútvarpsins hafi verði sá einn að sjá um 90 mínútna dægurlagabátt

laugardaginn 6. október 1984. Önnur afskipti kvaðst ákærði ekki hafa haft af útvarpsrekstrinum.

Bjarni Hákonarson verslunarstjóri hefur skýrt frá því að þáttur hans í rekstri Ísafjarðarútvarpsins hafi verið sá að leika lög af plötum föstudaginn 5. og laugardaginn 6. október 1984 í alls um 3 klukkustundir. Auk þess kvaðst ákærði lítillaga hafa kynnt lög síðari daginn.

#### *Niðurstaða.*

Með gögnum málsins er leitt í ljós að allir hinna ákærðu tóku með einum eða öðrum hætti þátt í starfrækslu útvarpsstöðvar á Ísafirði undir nafninu Ísafjarðarútvarpið, föstudaginn 5. október 1984 og laugardaginn 6. október sama ár. Starfrækslu útvarpsstöðvarinnar hættu ákærðu síðan laugardagskvöldið 6. október í kjölfar þess að Ríkisútvarpið hóf fréttauðsendingar kl. 19.00. Ekki verður í ljós leitt, svo tvímælalaust sé, hvenær kvöldsins Ísafjarðarútvarpið hætti.

Verjandi ákærðu krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Í fyrsta lagi er sýknukrafan studd þeim rökum að einkaréttur Ríkisútvarpsins á útvarpi hafi fallið niður þann tíma sem útsendingar Ríkisútvarpsins lágu niðri. Í öðru lagi er sýknukrafan studd þeim rökum að háttsemi ákærðu sé refsilaus vegna neyðarréttar.

Fyrri sýknuástæðan tekur til kröfu um refsingu fyrir brot á 2. gr. sbr. 24. gr. útvarpslaga nr. 19/1971. Síðari sýknuástæðan tekur til kröfu um refsingu fyrir brot á 1. mgr. 2. gr. sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um fjarskipti nr. 73/1984. Einnig tekur hún til kröfu um refsingu fyrir brot á útvarpslögum þyki fyrri sýknuástæðan ekki taka til kröfu um refsingu fyrir brot á þeim lögum.

Um fyrri sýknuástæðuna segir m.a. svo í vörn:

„Í 2. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 er Ríkisútvarpinu veittur einkaréttur á útvarpi. Enginn vafi er á, að þetta lagaákvæði gengur út frá, að útsending á útvarpsefni fari fram á vegum Ríkisútvarpsins. M.ö.o. er einkarétturinn byggður á þeirri augljósu forsendu, að útvarpað sé..... Engin ástæða er til að ætla, að löggjafinn hefði ákveðið einkarétt til útvarps ríkinu til handa, nema aðeins í órjúfanlegum tengslum við þá meginhugsun útvarpslaganna, að útvarpað væri. Einkaréttinum fylgir því skylda til útvarps. Sé henni ekki sinnt fellur einkarétturinn vitaskuld niður a.m.k. meðan svo stendur.

Þegar ákærðu sendu út útvarpsefni dagana 5. og 6. október höfðu allar útsendingar íslenska ríkisins á útvarpsefni verið felldar niður. Sýknukrafa þeirra byggist á því, að þar með hafi einkarétturinn skv. 1. mgr. 2. gr. laganna verið fallinn niður.“

Og um síðari sýknuástæðuna segir m.a. svo í vörn:

„Þegar ákærðu hófu útsendingar sínar var ríkjandi neyðarástand í landinu á sviði fjölmiðlunar fréttu og annars efnis. Engin blöð komu út og ríkisfjölmiðlarnir, hljóðvarp og sjónvarp höfðu stöðvast. Þetta leiddi til slíkrar einangrunar borgaranna í landinu, að það fær engan veginn staðizt í þjóðfélagi nútímans, þar sem frétttaflutningur og opinber umfjöllun um hvers kyns málefni er eitt af megineinkennum.... Við þessar aðstæður, sem upp voru komnar, þegar ákærðu sendu út útvarpsefni dagana 5. og 6. október, verður að telja, að við háttsemi þeirra hafi átt 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Með 2. gr. útvarpslaganna nr. 19/1971 fær löggjafarvaldið framkvæmdavaldinu í hendur einkarétt á útvarpi. Af hálfu framkvæmdavaldsins er það menntamálaráðuneytið sem sér um framkvæmd þessarar ákvörðunar löggjafarvaldsins með því að fela Ríkisútvarpinu starfrækslu útvarps. Telja verður að í einkarétti ríkisvaldsins á útvarpi felist skylda til útvarps, skylda sem hvílir á handhöfum framkvæmdavaldsins. Hins vegar verður ekki talið að skyldan til útvarps hvíli á starfsmönnum Ríkisútvarpsins með þeim afleiðinum að leggi þeir niður störf falli einkaréttur ríkisvaldsins á útvarpi niður. Vinnustöðvun starfsmanna Ríkisútvarpsins hefur því aðeins í för með sér að ríkisvaldinu er gert ókleift að uppfylla skyldu sína.

Með 26. gr. laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, er kjaradeilunefnd falið að ákveða hvaða starfsmenn skuli starfa þrátt fyrir verkfall opinberra starfsmanna. Á grundvelli þessa ákvæðis leituðu útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins og útvarpsráð eftir því við kjaradeilunefnd að tilteknir starfsmenn Ríkisútvarpsins mættu starfa þrátt fyrir vinnustöðvun. Með því má segja að leitað hafi verið þeirra leiða sem lög leyfa til að halda uppi skyldu ríkisvaldsins til útvarps.

Verður því ekki á það fallist að einkaréttur ríkisvaldsins á útvarpi hafi fallið niður við það að starfsmenn Ríkisútvarpsins lögðu niður störf sín.

Með hliðsjón af þeirri starfsemi Ríkisútvarpsins, sem haldið var uppi þá daga er Ísafjarðarútvarpið starfaði, verður ekki fallist á að neyðarréttur hafi átt við háttsemi ákærðu.

Verður því að telja að með háttsemi sinni, sem að framan er lýst, hafi ákærðu brotið gegn 2. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 og 1. mgr. 2. gr. laga um fjarskipti nr. 73/1984 og unnið sér til refsingar samkvæmt 24 gr. útvarpslaga og 1. mgr. 23. gr. laga um fjarskipti.

### *Ákvörðun refsingar.*

Enginn hinna ákærðu hefur áður sætt refsingum er hér skiptir máli.

Við ákvörðun refsingar þykir mega hafa hliðsjón af 9. tl. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 svo og að þáttur ákærðu í brotunum var mismunandi mikill.

Refsing hvers hinna ákærðu Árna Sigurðssonar, Óskars Eggertssonar, Úlfars Snæfjörð Ágústssonar, Yngva Kjartanssonar og Björns Hermanns Hermannssonar þykir hæfilega ákveðin sekt kr. 5.000,00 til ríkissjóðs er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja ella komi varðhald í 5 daga.

Refsing hvers hinna ákærðu Magna Veturliðasonar, Jónasar Ágústs Ágústssonar, Guðmundar Kristjáns Kristinssonar, Jakobs Fals Garðarssonar og Bjarna Hákonarsonar þykir hæfilega ákveðin sekt kr. 3.000,00 til ríkissjóðs er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja ella komi til varðhald í 3 daga.

Ákærðu greiði in solidum sakarkostnað þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., kr. 43.000,00.

Dóm þennan kvað upp Ólafur K. Ólafsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærðu Árni Sigurðsson, Óskar Eggertsson, Úlfar Snæfjörð Ágústsson, Yngvi Kjartansson og Björn Hermann Hermannson greiði hver um sig sekt kr. 5.000,00 til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja ella komi til varðhald í 5 daga.

Ákærðu Magni Veturliðason, Jónas Ágúst Ágústsson, Guðmundur Kristján Kristinsson, Jakob Falur Garðarsson og Bjarni Hákonarson greiði hver um sig sekt kr. 3.000,00 til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja ella komi til varðhald í 3 daga.

Ákærðu greiði in solidum sakarkostnað þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., kr. 43.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---